

777

FISKIRANNSÖKNIR I SVEINSHÚSAVATN

Sigurður Már Einarsson

Borgarnesi, febrúar 1989 VMST-V/89006X



VEIÐIMÁLASTOFNUN - VESTURLANDSDEILD

Kveldúlfsgötu 2A, 310 Borgarnes.

1. INNGANGUR

Hér verður greint frá athugun sem gerð var á Sveinshúsavatni í Vatnsfirði við Isafjarðardjúp 5-6 ágúst 1988 að beiðni landeiganda. Markmið bessarar athugunar var að athuga skilyrði í vatninu til fiskræktar og fiskeldis og ráðgjöf í kjölfar rannsókna.

Sveinshúsavatn (Mynd 1) er litið vatn um 0.3 km² að stærð eða um 30 hektarar. Vatnið hefur samgang við sjó og fellur sjór inn í vatnið á flóði. Trennsli er í vatnið að vestanverðu þar sem Púfnaá fellur í vatnið en hún á upptök sín í Neðra Selvatni. Vatnið er grunnt við ströndina en dýpkar fljótt er utar dregur, en ekki er kunnugt um meðaldýpt vatnsins. Strandlengjan er grýtt en setbotn tekur við er utar dregur. Mikið fuglalif er við vatnið og ber sérstaklega mikið á Eðarfugli.

Silungur veiðist í vatninu og er nokkuð nýttur til heimilis nota. Fiskrækt var áður reynd í vatninu og var laxaseiðum sleppt í vatnið í allmörð ár, aðallega sumaralin seiði. Stifla var reist við útfall vatnsins og nokkuð hækkað á því og gildra sett í útfallið á tímabili. Mun litið sem ekkert hafa skilað sér úr þessum sleppingum.

2. AÐFERDIR

Netaveiði og sýnatökur fóru fram dagana 5-6 ágúst 1988. Sýna af fiski var aflað á tvennan hátt. Annars veigar var veitt með netaröð með möskvastærðunum 19.5, 25,0, 30,0, 35,0, 39,0 og 45 mm og hefur þessi netaröð nokkuð jafnt veiðiálag á silung 20-45 sm að stærð. Netin voru lögð að kvöldi 5 ágúst og dreift á nokkra staði frá Púfnaá inn að víkinni við bjóðveginn í norðvesturhluta vatnsins. Vitjað var um að morgni, og afli talinn og skráður úr hverju neti fyrir sig. Aflinn var síðan lengdarmældur og viqtaður. Hreistur og kvarnir voru teknar til aldursákvarðana, kyn og kynbroski metin og magainnihald greint á staðnum.

Einnig var rafveitt í Púfnaá rétt ofan við brúna til að kanna seiðamagn i læknum. Vatnshiti var mældur og einnig voru

tekin vatnssýni á 2 stöðum en efnagreiningu er ekki lokið enn sem komið er.

3. NIÐURSTÖDUR

3.1. VATNSHITI OG SELTA

Vatnshiti í Sveinshúsavatni var mældur þann 6 ágúst og reyndist vatnið vera 16.1°C kl 12.30. Þúfnaáin reyndist vera 16°C á sama tíma. Vatnshitinn í Sveinshúsavatni fer eftir umhverfishita en þar sem vatnið er viðast mjög grunnt er líklegt að vatnið hitni fljótt á sólardögum vegna sólgeislunar. Vatnsýni voru tekin á stöðum til greininga á seltumagni en mælingum er ekki lokið. Nauðsynlegt er að seltuinnihald vatns sé ýtarlega mælt bæði á flóði og fjöru og einnig viða í vatninu þannig að unnt sé að gera sér grein fyrir því hvort selta sé breytileg eftir svæðum innan vatnsins og einnig hvort seltan sé mjög breytileg eftir sjávarföllum. Selta hefur þannig áhrif á útbreiðslu fisks og skiptir einnig miklu máli ef fiskeldi er haft í huga.

3.2. NETAVEIDAR.

Alls fengust í netin 7 urriðar og 1 bleikja eða 1.3 fiskar í lögn að meðaltali. Urriðinn var frá 19.5 - 34.5 sm að lengd og þyngdin var frá 100-532 gr. Bleikjan var 18.2 sm og 62 gr að þyngd. Aldur urriðans var á bilinu 3 - 6 ár (Mynd 2) sem er góður vöxtur. Bleikjan var tveggja ára og hafði því einnig vaxið vel. Allur fiskurinn var ókynþroska og hafði aldrei hrygnt. Allur fiskurinn var mjög feitur og var holdastuðull urriðanna að meðaltali 1.33 sem lýsir urriða í mjög góðum holdum því holdastuðull 1 lýsir urriða með eðlilegt holdafar. Þetta skyrist þegar lítið er á fæðu urriðans. Hann var allur úttröðinn af marfló sem er eftirsótt fæða hjá fiski og silungur sem er að éta marfló hefur oftast rauðan kjötlit og er slikur silungur ætið bragðgóður. Þegar kjötlitur er hvítur eða gulur eru bragðgæði mun verri. Silungur sem étur vatnabobba hefur þannig yfirleitt gulan kjötlit og er oft talað um að moldarbragð sé af slikum fiski.

3.3. RAFVEIDAR.

Rafveitt var í Þúfnaánni skammt fyrir ofan brúna og fengust einungis urriðaseiði í læknum. Í læknum eru sæmileg hrygningar og uppeldisskilyrði fyrir fiskseiði og er ljóst að urriðinn sem veiðist í Sveinshúsavatni hrygnir í Þúfnaánni. Seiðin alast síðan upp í læknum fyrstu árin en flytja sig síðan niður í Sveinshúsavatnið og dvelja þar uns kynþroska er náð.

4. ALYKTANIR

Af niðurstöðum má ráða að Sveinshúsavatn er ekki fullsetið af fiski þ.e framleiðslugeta þess er alls ekki fullnýtt. Þetta sést m.a af því að afli í netin er litill og så fiskur sem fæst er í góðum holdum og vex vel. Fæðuskilyrðin í vatninu eru góð enda er vatnið ísalt og við slikar aðstæður er jafnan mikið um krabbadýr eins og marfló sem er góð fæða fyrir fisk. Astæður þess að vatnið er ekki fullsetið felast í því að það er salt og tequndir eins og bleikja sem oftast er ríkjandi í stöðuvötnum getur ekki hrygnt í vatninu þar sem hrognin bola ekki seltuna. Þetta er skýringin á því af hverju bleikjan er ekki til staðar í meira magni í vatninu. Hrygning og uppeldi seiða fyrsta kastið takmarkast því við Þúfnaána og urriðinn sem verður að hrygna í straumvatni ræður þar ríkjum. Lækurinn er hins vegar litill og ekki er vitað hvísu langt hrygningarfiskur kemst upp ána. Framleiðslugetan er þannig takmörkuð og sennilega ekki næg til að nýta framleiðslugetu Sveinshúsavatns.

5. MÖGULEIKAR TIL FISKRÆKTAR OG FISKELDIS

1. Það ætti að vera hægt að auka afrakstur af Sveinshúsavatni t.d með sleppingum urriðaseiða þar sem vatnið virðist vansetið af fiski. Vatnið er hins vegar lítið þannig að það stendur ekki undir mikilli veiði. Sem dæmi mætti taka að afrakstur af frjósömum vötnum getur verið 20-25 kg af fiski á hektara. Ef þetta gilti um Sveinshúsavatn mætti taka árlega 600 - 750 kg úr vatninu ef framleiðsugeta þess væri fullnýtt.


2. Í Sveinshúsavatni eru einnig möguleikar til hafbeitar á laxi. Í hafbeit er sjögönguseiðum sleppt til sjávar á vorin og síðan dvelur laxinn á beitarsvæðum í sjónum í 1-2 ár þar til hann snýr til baka sem kynþroska lax og leitar þá á sleppistaðinn. Aðstaða til hafbeitar er að mörgu leyti góð í Sveinshúsavatni. Mjög góð aðstaða er þannig í vatninu til að koma fyrir flotbúrum en gönguseiði eru þar höfð í aðlögun í um mánuð áður en þeim er sleppt fyrrahluta sumars. Einnig ætti að vera auðvelt að koma fyrir móttökubúnaði þegar laxinn snýr til baka. Áður en slikt er gert í stórum stil er nauðsynlegt að kanna endurheimtur með tilraunasleppingum því endurheimtur þurfa að vera 9-10% til að hafbeit beri sig fjárhagslega.

3. Eldi á sjóbleikju er einnig áhugavert í Sveinshúsavatni. Bleikjan er fiskur sem hefur mikinn vaxtarhraða sérstaklega fyrstu 2-3 árin og vex þá betur heldur en t.d lax sérstaklega við lágt hitastig. Hérlendis er víða áhuði fyrir eldi á bleikju. Hins vegar á eftir að vinna mikið tilraunastarf hvað eldið sjálf varðar og einnig er óljóst með markaði. Einn af þeim möguleikum sem virðist álitlegur er eldi á bleikju í hálfsoltu vatni og hefur náðst góður árangur t.d í Þorlákshöfn við slikt eldi.

Veiðimálastofnun er tilbúin til að veita frekari ráðgjöf um einstaka þætti ef óskað er eftir.

MYND 1:

Yfirlitskort af Sveinshúsavatni og næsta umhverfi.



VEGUR
MÆLIKVARÐI 1:100 000

MYND 2:

Lengd og aldur urriða í Sveinshúsavatni 6 ágúst 1988.

